

ÁRSYFIRLIT 2012



LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS
ICELANDIC COAST GUARD

Umtalsverð aukning varð á viðbragði eininga Landhelgisgæslunnar árið 2012 miðað við fyrra ár. Varðskipin voru samtals 304 daga á sjó innan íslenska hafsvæðisins í samanburði við 230 daga á sjó árið 2011. Útkallsstaða á þyrlum jókst einnig en þann 5. febrúar bættist þyrlan TF-SYN í flugflotann en hún er sömu tegundar og þyrlurnar TF-LIF og TF-GNA. Aldrei kom upp sú staða að engin þyrla væri til taks en þrjár þyrlur voru til taks 66 daga ársins og tvær þyrlur 272 daga ársins sem er nokkuð betri niðurstaða en árið á undan.

Allar einingar Landhelgisgæslunnar taka þátt í verkefnum sem lúta að öryggis- og löggæslu, sem og eftirliti á hafinu með einum eða öðrum hætti. Aðgerðarsvið Landhelgisgæslunnar hefur það hlutverk að taka ákvörðun um hvert skuli beina þessum einingum hverju sinni og annast stjórnstöðin vöktun og viðbragð vegna þess en hún er stjórnstöð leitar og björgunar sjófarenda og loftfara og jafnframt vaktstöð siglinga. Starfsmannahópurinn er fjölbreyttur og fjölhæfur enda felast verðmæti Landhelgisgæslunnar fyrst og fremst í öflugri liðsheild, færni, menntun og víðtækri reynslu starfsmanna.

Samtals komu 476 atvik inn til stjórnstöðvar á árinu sem flokkuðust undir leit og björgun á landi, vegna skipa og loftfara. Kallað var á aðstoð frá einingum

Landhelgisgæslunnar og annarra viðbragðsaðila. Samtals flokkuðust 37 þeirra á neyðarstigi, 217 á óvissustigi og 215 á viðbúnaðarstigi.

Varðskipið Þór sem kom til landsins haustið 2011 skapar Landhelgisgæslunni gríðarlega mikla möguleika, hvort sem er við björgunarstörf, mengunarvarnir eða eftirlit með fiskveiðilögsögunni. Varðskipið Þór sigldi í febrúar til Noregs eftir að Rolls Royce í Noregi, framleiðandi vélbúnaðar skipsins tók ákvörðun um að framkvæmdir vegna óeðlilegs titrings við aðra aðalvél skipsins yrðu unnar þar. Skipt var um stjórnborðs aðalvél varðskipisins og var Þór afhentur að nýju eftir vélaskipti, prófanir og úttektir flokkunarfélags þann 4. maí 2012.

Á meðan Þór var fjarverandi tóku Ægir og Týr við hlutverki Þórs við gæslustörf hér við land en rekstraráætlanir fyrir árið 2012 gerðu ráð fyrir einu varðskipi á sjó við landið árið um kring. Varðskipið Þór fer mjög vel í sjó og hefur verið látið á það reyna við erfið skilyrði. Þegar skipið er ekki við verkefni eða eftirlit eru haldnar æfingar, oft með öðrum deildum Landhelgisgæslunnar og/eða samstarfsaðilum. Einnig hefur verið lögð sérstök áhersla á æfingar sem snúa að skemmtiferðaskipum.

Varðskipið Þór tók á árinu þátt í æfingunni SAREX Greenland Sea 2012 sem var haldin dagana 10.-14. september,

norðaustarlega á Grænlandshafi, milli Danneborg og Meistaravíkur. Æfingin var haldin á grunni samkomulags Norðurskautsríkjanna um öryggi á Norðurslóðum og takmark hennar var að þjálfa raunveruleg leitar- og björgunarviðbrögð þegar skemmtiferðaskip lendir í áföllum á afskekktu austurströnd Grænlands, fjarri öllum björgunareiningum. Um 80-100 fulltrúar Íslands tóku með einum í æfingunni en þær þjóðir Norður Heimskautsráðsins sem sendu búnað og björgunareiningar á svæðið voru auk Íslands: Kanada, Noregur, Bandaríkin, Grænland, Færeyjar og Danmörk. Gekk æfingin vel og er áætlað að framhald á henni verði haustið 2013.

Landhelgisgæslan tók einnig þátt í ýmsum æfingum með innlendum jafnt sem erlendum samstarfsaðilum, s.s. leitar- og björgunaræfingunni „Dynamic Mercy Northbank“ sem fór fram NA af Færeyjum, ýmsum æfingum með dönsku herskipunum, bresku freigátunni St. Albans ásamt Merlin þyrlu hennar auk norska varðskipisins Harstad sem er systurskip Þórs.

Yfirlit yfir ársverk 2012		%
Varðskiparekstur	66	32%
Flugrekstur	51	24%
Stjórnstöð, sprengjusveit	27	13%
Sjómælingar	8	4%
Annar rekstur	16	8%
Loftrýmiseftirlit	41	19%
	209	100%




Útköll flugdeildar


	ALFA	BRAVO	CHARLIE	DELTA	Samtals
2012	60	86	21	6	173
2011	34	105	11	5	155
2010	54	103	25	6	188
2009	41	66	20	9	136
2008	36	72	28	14	150

ALFA = Mesti hraði - F1 BRAVO = Mikill hraði - F2
CHARLIE = Lítili hraði - F3 DELTA = Ekki forgangur-F4


Tegundir útkalla




Staðsetning útkalla



Vegalengd útkalla á sjó




Verkefni í útköllum



Sigldar sjómíllur varðskipanna

Sjómíllur



Úthaldsdagar varðskipanna við Ísland


	2012	2011	2010	2009
ÆGIR	83	74	70	197
TÝR	22	67	237	171
Þór*	125	25	-	-
Baldur	52	64	49	25
Samtals	304	230	356	393




Fjöldi einstaklinga bjargað með þyrlum

	2012	2011	2010	2009	2008
Alls	110	106	108	61	68
þar af Íslendingar	72	78	65	47	59
þar af erlendingir	38	28	43	14	9

110 einstaklingum bjargað/fluttur



Greining á gagnsemi þyrlu



SÉRAÐGERÐA OG SPRENGJUEYÐINGASVIÐ

Skipting verkefna (í klst.)	2012	2011	2010	2009
Sprengjueyðing	560	600	589	484
Köfun	190	200	174	77
Viðhald búnaður	250	300	140	816
Skotvopnakennsla	450	560	560	450
Samvinna v/flugdeild	395	407	407	490
Önnur verkefni	350	700	516	1090
Borverkefni	20	350	198	226
NC 2010	2600	2530	1586	1278
Hreinsun svæða	364	3000	998	3281
Aðgerðarsvið ýmisl.	405	300	402	412
Æfingar EOD/IED	650	1000	550	472
Námskeið	245	250	250	216
Loftrýmisgæsla	310	350	262	250
Frontex - EU	450	510	624	-
Fiskveiðieftirlit	525	-	-	-

Séraðgerða- og sprengjueyðingasvið Landhelgisgæslunnar stóð í september fyrir fjölbjóðlegri æfingu sprengjusérfræðinga sem kallast Northern Challenge en hún fer fram árlega á Keflavíkur-

flugvelli og á fyrrum varnarsvæðum utan hans, í höfninni í Helgúvik, Patterson svæðinu og í Hvalfirði. Að þessu sinni tóku tíu þjóðir þátt með um tvö hundruð liðsmenn en þær voru auk Íslands:

Danmörk, Noregur, Svíþjóð, Þýskaland, Holland, Belgía, Frakkland, Austurríki og Bandaríkin. Æfingin var haldin í tólfra sinn en auk Landhelgisgæslunnar koma aðildarþjóðir NATO einnig að skipulagningu og framkvæmd æfingarinnar. Tilgangur Northern Challenge er að æfa viðbrögð við hryðjuverkatalfellum þar sem heimatilbúnum sprengjum hefur verið komið fyrir. Búinn er til samskonar búnaður og fundist hefur víðsvegar um heim og aðstæður hafðar eins raunverulegar og hægt er. Einnig er rannsóknarþátturinn tekinn fyrir þar sem ákveðin teymi hafa einungis þann tilgang að rannsaka vettvang og fara yfir sönnunargögn. Tókst æfingin mjög vel og hefur hún vakið athygli fyrir gott skipulag og vinnuáðstæður eins og best verður á kosið.

FLUGTÆKNIDEILD

Útkallsstaða á þyrlum Landhelgisgæslunnar jókst talsvert á árinu. Þann 5. febrúar bættist þyrlan TF-SYN í flugflotann en hún er sömu tegundar og þyrlurnar TF-LIF og TF-GNA. Aldrei kom upp sú staða að engin þyrla væri til taks en þrjár þyrlur voru til taks 66 daga ársins og tvær þyrlur 272 daga ársins sem er nokkuð betri niðurstaða en árið á undan. Þyrlan TF-LIF fór í viðamikla skoðun á árinu sem stóð yfir í u.þ.b fjóra mánuði og fór fram í Noregi. Viðhaldskröfur gera ráð fyrir að skoðunin fari fram á 12 ára eða 7500 flugtíma fresti. Starfsmenn Flugtæknideildar Landhelgisgæslunnar tóku þátt í verkinu sem gekk vel. TF-LIF kom að nýju til landsins í byrjun maí.

Þann 19. janúar var undirritaður leigusamningur til 12 mánaða um leigu á þyrlu fyrir Landhelgisgæsluna en tilboð vegna leigu á björgunaryrflu fyrir Landhelgisgæsluna voru opnuð hjá Ríkiskaupum þann 19. desember 2011. Þyrlan sem er af gerðinni Super Puma eða sömu tegundar og TF LÍF og TF GNÁ hlaut einkennisstafina TF-SYN. TF-SYN er svokölluð LIMSAR þyrla eða með takmarkaða björgunargetu þar sem hún hefur ekki fullkomna sjálfstýringu og að auki hefur hún ekki nætursjónaukalyfingu eins og TF-GNA og TF-LIF. TF-SYN fór í gegnum tvær stórar skoðanir á árinu. Þyrlan kom til landsins í byrjun febrúar og var þá tryggt að tvær þyrlur

yrðu í rekstri meðan TF LÍF væri fjarverandi. Stærstan hluta ársins voru þrjár þyrlur í rekstri sem eykur möguleika Landhelgisgæslunnar á að skipuleggja viðhald og skoðanir á þyrlunum þannig að ávallt séu tvær þyrlur til taks eins og nauðsynlegt er og stefnt hefur verið að. Er það nauðsynlegt fyrir alla þá sem þurfa að reiða sig á aðstoð, sjúkraflytingu og björgun með þyrlum.

Viðbragðsgeta véla	2012	2011	2010
LÍF	70%	93%	74%
GNA	99%	88%	82%
SYN	50%	-	-
SIF	98%	92%	93%
EIR	-	-	76%



FISKVEIÐIEFTIRLIT

Eftirlit með fiskveiðum

Samtals var farið til eftirlits í 185 skip á árinu en 239 skip árið 2011. Athugasemdir voru gerðar í 51% tilfella sem jafngildir 94 bátum. Nefna má að auk beinna afskipta varðskipa eru fjölmargar athugasemdir og áminningar beint frá greiningardeild aðgerðarsviðs, stjórnstöð og flugdeild.

Athugasemndum fækkaði almennt í öllum flokkum árin 2010-2011, nema hvað varðar veiðileyfi. Athugasemndum fjölgaði síðan aftur árin 2011-2012, nema vegna afladagbókar en þar varð um 1% fækkun.



	2012	2011	2010
Fjöldi skoðana í			
íslensk og erlend skip	185	239	325

Kærur

Hér eru tölur sem sýna heildarfjölda kæra frá árinu 2006. Um er að ræða kærur á hendur skipstjóra vegna brota gegn fiskveiðilöggjöf, áhafnarlögum, lögum um eftirlit með skipum, lögskráningarlögum og fleira. Árið 2012 var í 15 af 23 tilfellum kært vegna fiskveiðibrota.


Fjöldi kæra við fiskveiðieftirlit 2007-2012

	2012	2011	2010	2009	2008	2007
Heildarfjöldi kæra	23	12	39	56	64	50



YFIRLIT STJÓRNSTÖÐVAR

Verkefni stjórnstöðvar við leit og björgun sjófarenda og loftfara. Samtals voru skráð 476 atvik á sjó og vegna loftfara árið 2012.



Atvik á sjó og vegna loftfara 2012

Neyðarskeyti	127
Neyðarljós	12
Skip sekkur	2
Árekstur	0
Skip strandar	17
Leit og björgun	4
Maður fyrir borð	9
Sjúkraflutningur	16
Læknisástoð	39
Sjúkraflutningur aðrir aðilar	5
Eldur	5
Vélarbilun	130
Stjórnvana skip	2
Hafvillur	2
Leki	6
Brotsjór	3
Reköld/hafís	29
Sprengja	6
Mengun	6
Eftirgrennslan	18
Gúmmibátar	8
Flugvélar	24
Annað	6

SJÓMÆLINGASVIÐ

Sjómælingaverkefni voru lítil að umfangi á árinu. Meginverkefni ársins var mæling svæða við Reykjanes sem kerfi aðskildra siglingleiða nær yfir. Önnur mælingaverkefni sem fram fóru voru fyrir hafnaryfirvöld í Reykjavík. Ekkert nýtt sjókort var gefið út á árinu en ný útgáfa var gerð af yfir 80% af rafrænum sjókortum á árinu. Ekkert var prentað af sjókortum á árinu.

Sjókortasala

Sala ársins af sjókortum á pappír var rétt ríflega 1.800 eintök sem er nokkuð undir ársmeðaltali síðustu tíu ára. Tæplega 2.200 ENC kort (rafræn sjókort) voru seld á árinu. Er þetta í fyrsta sinn sem seldur fjöldi rafrænna sjókorta er meiri en pappírskorta.


Yfirlit, rafræn sjókort ENC

Ný útgáfa var gerð af yfir 80% af útgefnum rafrænum sjókortum á árinu, 58 nýjar útgáfur af þeim 70 ENC-kortum sem gefin eru út.

Aðrar útgáfur

Kortaskrá 2012 var gefin út í maí. Sjávarfallatöflur 2013 og Sjávarfallaalmanak 2013 komu út í október. Á árinu voru Tilkynningar til sjófarenda gefnar út í


Nær öll íslensk sjókort sem prentuð eru á pappír eru einnig gefin sem rafræn sjókort. Þeim er dreift í gegnum erlenda dreifingaraðila, IC-ENC (www.ic-enc.org).



fjórum heftum, samtals 20 tilkynningar. Af öðrum útgáfum voru seld ríflega 760 eintök, stærstur hlutinn sjávarfallatöflur og -almanök.

Mælingadeild

Mælinga- og eftirlitsbáturinn Baldur var við ýmis verkefni 2012. Helst ber að nefna sjómælingar við Reykjanes og fiskveiðieftirlit með Fiskistofu. Önnur verkefni voru þyrluæfingar, æfð var sjósetning mengunarvarnargirðingar með varðskipinu Þór og æfingar með köfunarsveit LHG.



Hafist var handa við sjómælingar með fjölgeislamæli á svæðum sem myndinni sýnir. Verkinu verður væntanlega lokið sumarið 2013.



LOFTHELGIS- OG ÖRYGGISMÁLASVIÐ 2012

Framkvæmd verkefna Lofthelgis- og öryggismálasviðs starfsárið 2012 var með hefðbundnum hætti. Framkvæmdir hafa verið í gangi við að breyta rafkerfum á Öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli og er ráðgert að þeim verði að mestu lokið um mitt ár 2014. Samhliða rafkerfisbreytingum var undirbúin umfangsmikil breyting á hugbúnaðarkerfum í samvinnu við stofnanir Atlantshafsbandalagsins. Kerfið hefur verið sett upp og verður það endanlega tekið í notkun vorið 2014.

Allur búnaður og framkvæmd uppfyllti á starfsárinu lágmarksstaðla og rekstrar-kröfur Atlantshafsbandalagsins.

Þýskaland, Bandaríkin og Portúgal lögðu Atlantshafsbandalaginu til flugsveitir til að framkvæma loftrýmisgæslu hér við land

en hver þjóð dvelur hér á landi að jafnaði í um fjórar vikur. Hver flugsveit telur að jafnaði um 150 liðsmenn. Loftrýmisveitir var eins og áður framkvæmt samanber staðla Atlantshafsbandalagsins og tryggði það bandalaginu og aðildarþjóðum samþætta rauntíma stöðumynd á

loftrýmisveitirlitssvæði Atlantshafsbandalagsins við Ísland. Rekstur ratsjár- og fjarskiptastöðvanna var eins og áður mikilvægur þáttur í daglegum rekstri en stöðvarnar hýsa einnig fjarskiptabúnað fyrir símafyrirtækin, flugleiðsögu og viðbragðsaðila.



VERKEFNI ERLENDIS

Í því skyni að afla tekna til reksturs Landhelgisgæslunnar hefur stofnunin frá árinu 2010 sinnt verkefnum erlendis, m.a. fyrir Landamærastofnun Evrópu og Evrópusambandið (EU). Árið 2012 héldu varðskipið Ægir og flugvélin Sif þessum verkefnum áfram en einnig tók varðskipið Týr að sér verkefni fyrir EFCA, sjávarútvegsstofnun EU og skipið annaðist verkefni sem fólst í að draga skip í

brotajárn frá Kanada til Grenaa í Danmörku. Ferð Þórs frá Noregi var nýtt til að draga dýpkunarpramma frá Noregi til Íslands.

Fjöldi daga í verkefnum erlendis	2012	2011
Varðskipið TÝR		
Leiguverkefni á vegum EFCA	59	161
Dráttarverkefni Kanada – Grenaa Danmörku	43	
Varðskipið ÆGIR		
Eftirlit f. landamærastofnun EU/Frontex	59	160
Flugvélin TF-SIF		
Eftirlit f. landamærastofnun EU/Frontex	190	155

FJÁRMÁL

Uppsafnaður afgangur í árslok 2011 var notaður til að fjármagna skoðun á þýrlunni TF LIF á árinu 2012 en einnig í almennan rekstur. Heildarkostnaður við skoðun á TF- LIF var yfir 400 m.kr.

Tekjur af erlendum verkefnum drógust saman um 200 m.kr. frá árinu 2011 vegna minnkandi verkefna. Stofnunin hefur frá árinu 2010 sinnt verkefnum erlendis, m.a. fyrir Landamærastofnun Evrópu og Evrópusambandið. Verkefni erlendis á árinu 2012 voru leiguverkefni á flugvél Landhelgisgæslunnar TF-SIF og var hún í verkefnum erlendis í u.þ.b. sex mánuði en varðskipin Ægir og Týr í fimm mánuði. Erlendu verkefnum hefur bæði fylgt faglegur og fjárhagslegur ávinningur. Uppsafnaður tekjuafgangur var að fullu notaður á árinu 2012.

Heildarrekstrartölur 2008-2012 (m.kr.)	2012	2011	2010	2009	2008
Heildarútgjöld	5.622	4.986	3.592	2.868	2.870
Heildartekjur	1.459	-1.528	-1.001	-243	-213
þar af vegna erlendra verkefna	1.024	1.236	775		
Heildarútgjöld umfram sértekjur	4.163	3.457	2.591	2.625	2.657
Framlag ríkissjóðs	3.685	3.402	2.835	2.904	2.604
Afgangur	-478	-56	244	279	-53
Afgangur (-halli) frá fyrra ári	423	475	125	-155	-101
Uppsöfnuð staða í árslok	-55	419	369	125	-155

Skipting kostnaðar að frádregnum tekjum eftir deildum (m.kr.)	2012	2012%	2011%	2010%
Varðskiparekstur	665	16%	9%	18%
Flugrekstur	2.347	56%	56%	66%
Stjórnstöð, sprengjusveit	240	6%	6%	7%
Sjómælingar	82	2%	2%	2%
Annar rekstur	89	2%	6%	8%
Loftrýmisveitirlit	740	18%	21%	-
	4.163	100%	100%	100%

ÝMSAR KENNITÖLUR ÚR REKSTRINUM 2006-2012

	2012	2011	2010	2009	2008	2007	2006
Ársverk*	210	205	149	146	159	152	137
Úthaldsdagar varðskipa	465	576	587	393	533	697	623
Úthaldsdagar varðskipa á Íslandsmiðum	304	228	356	393	533	697	623
Baldur, sjómælingar ofl.**	52	62	49	25	155	152	134
Skjalfest mál hjá stjórnstöð***	145	116	155				
Útköll flugdeildar	173	155	188	136	150	182	144
Flugtímar þyrlur	935	995	847	900	933	990	731
Flugtímar flugvél	796	807	818	310	230	395	523
Samtals flugtímar loftfara	1.731	1.802	1.665	1.210	1.163	1.385	1.254
Flugtímar loftfara við Ísland	1.078	1.182	1.259	1.210	1.163	1.385	1.254



LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS

ICELANDIC COAST GUARD

SKÓGARHLÍÐ 14 | 105 REYKJAVÍK | SÍMI 545 2000 | WWW.LHG.IS

* Árið 2011 fjölgaði ársverkum um 41 vegna verkefna fyrrum Varnarmálastofnunar.

Einnig var fjölgun í áhöfnum varðskipa vegna erlendra verkefna, alls 11 ársverk, úr 45 í 56.

**Baldur var lítið notaður til sjómælinga árin 2009 og 2010, helst fyrir Orkustofnun og í höfnum landsins. Í stað þess var hann nýttur árin 2010-2011 til fiskveiðieftirlits í samstarfi við Fiskistofu, m.a. meðan á strandveiðum hefur staðið. Einnig var Baldur notaður lítillega við æfingar með flugdeild LHG, köfunarsveit og sprengjudeild LHG ásamt sérsveit ríkislögreglustjóra á árinu 2010.

*** Málín tengdust leit, björgun, aðstoð og sjúkraflutningum á sjó og landi. Samkvæmt skilgreiningum IMO teljast sjúkraflutningar á sjó til björgunaraðgerða.